



Minnisblað

Efni: Breyting á leið 4, tilkoma forgangsakreinar við Kringlumýrarbraut

Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Stjórn Strætó bs.

Dagsetning: 22.4.2025

Inngangur

Uppbygging forgangsakreinar fyrir strætisvagna vestan megin á Kringlumýrarbraut, á kaflanum milli Háaleitisbrautar og Miklubrautar, er í undirbúningi og áætlað að hún verði tilbúin sumarið 2025. Einnig verða gerðar tvær nýjar stoppistöðvar á Kringlumýrarbraut nálægt gatnamótunum við Háaleitisbraut. Með tilkomu forgangsakreinarinnar og nýrra stoppistöðva verður hægt að stytta ferðatíma á leið 4 ásamt því að auka greiðfærni leiðarinnar.

Árið 2015 var leið 4 breytt þannig að í stað þess að aka beina leið eftir Kringlumýrarbraut milli Kringlu og Teiga þá var bætt við krók á leiðina inn á Miklubraut og Háaleitisbraut. Þessi breyting var m.a. gerð til þess að leið 4 gæti þjónustað hverfið í kringum Háaleitisbraut og Lág múla. Engin stoppistöð var á kaflanum milli Kringlu og Teiga og ekki hafði fengist í gegn að bæta við stoppistöðvum á Kringlumýrarbraut við Háaleitisbraut.

Núverandi staða

Leið 4 er þannig í dag að þegar keyrt er úr Kópavogi beygir leiðin frá Kringlumýrarbraut í austur á Miklubraut, þar sem stoppistöðin „Kringlan“ er staðsett, heldur svo í norður eftir Háaleitisbraut þar sem stöðvarnar „Fellsmúli“, „Háaleitisbraut“, „Samgöngustofa“ og „Lág múli“ eru staðsettar (sjá Mynd 1). Leiðin ekur sömu leið í hina áttina, þ.e. beygir austur inn á Háaleitisbraut og síðan í vestur eftir Miklubraut.

- Leið 4 keyrir 100 ferðir á hverjum virkum degi.
- U.þ.b. 3300 innstig/útstig á leið 4 hvern virkan dag.
 - Þar af eru innstig/útstig u.þ.b. 230/230 á stoppistöðvunum 5 sem detta út á leið 4.
 - Þar af eru innstig/útstig við Kringluna 93/83



Mynd 1: Leið 4 í dag. Leiðin ekur milli Skúlagötu og Breiðholts með viðkomu m.a. í Mjódd og Hamraborg

Tillaga

Sumarið 2025 er áætlað að bæta við forgangsakrein til suðurs á u.þ.b. 400m kafla meðfram Kringlumýrarbraut, frá Háaleitisbraut að Miklubraut (sjá Mynd 2).



Mynd 2: Fyrirhuguð strætórein á Kringlumýrarbraut

Í dag ekur engin leið eftir þessum vegkafla en planið er að breyta leið 4 þannig að keyrt sé beina leið eftir Kringlumýrarbrautinni í báðar áttir.

Breytingin felur í sér að eftirfarandi fimm biðstöðvar verða ekki lengur hluti af leið 4: „Kringlan“, „Fellsmúli“, „Háaleitisbraut“, „Samgöngustofa“ og „Lágmúli“. Í heildina detta út tíu biðstöðvar, 5 þegar vagninn keyrir í átt að „Skúlagata“ og 5 þegar keyrt er í átt að „Mjódd“ (sjá Mynd 3).



Mynd 3: Væntanleg breyting á leið 4. Núverandi akstursleið er sýnd í grænum lit og ný akstursleið í bláum lit. Stoppistöðvarnar sem detta úr eru sýndar með rauðu og hvítu tákni og nýju stoppstöðvarnar á Kringlumýrabraut við Álftamýri með stórum bláum hring

Við breytinguna bætast við stoppstöðvar sem kallast „Álftamýri“ beggja vegna við Kringlumýrabraut við gatnamótin Kringlumýrabraut-Háaleitisbraut sem kemur til móts við þær biðstöðvar sem detta út.

Stöðvar sem detta út á Háaleitisbraut eru ekki meira virkar heldur en aðrar stoppstöðvar á leið 4. Innstig/útgangur á þessum stöðvum eru að meðaltali 25/33 sem er undir meðaltali leiðarinnar (44/44).

Kostir við breytingu:

- Er í samræmi við leiðarljós leiðanetsbreytinga varðandi það að vagnar aki sem beinustu leið, forðist króka og einfaldi leiðanetið.
- Styttri akstursvegalengd með færri stoppum, styttrir hverja ferð um u.þ.b. 1.2 km
- Styttri aksturstími, hver ferð styttest um 3-7 mín.
 - Áætlað að styttri aksturstíma um 150 – 350 klukkustundir á mánuð
- Auðveldara aðgengi að leið 4 fyrir farþega sem búa/starfa vestan við Kringlumýrabraut.
- Vagn þarf ekki lengur að þvera yfir allar akreinar Miklubrautar.

Ókostir við breytingu:

- Lengri ganga fyrir notendur fjögurra stoppstöðva að næstu stöð leiðar 4. („Lágmúli“ ekki talin).
 - Leið 11 mun áfram aka eftir Háaleitisbraut og stoppa á þessum stoppstöðvum
- Leið 4 tengist ekki lengur leið 6 og leið 3 í „Kringlunni“.
 - Hægt að nýta leið 1 til að tengjast þessum leiðum í staðinn
- Örlítið lengri ganga að inngangi Kringlunnar fyrir farþega leiðar 4.
 - Í dag er um 60 metra ganga frá stoppstöðinni „Kringlan“ á Miklubraut að inngangi Kringlunnar en eftir breytingu mun leið 4 einungis stoppa við stoppstöðina „Kringlumýrabraut“ sem er í um 150 metra fjarlægð frá inngangi Kringlunnar.